

Ed.

546. Frumvarp til laga

[196. mál]

um breyting á lögum nr. 43 29. maí 1958, um aðstoð við vangefið fólk.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Af alls konar gosdrykkjum og öli, sem er framleitt hér á landi og afhent er eða selt á flöskum, skal næstu 10 ár greiða gjald, að upphæð 60 aura af hverri flösku, og renna þrír fjórðu hlutar gjalds þessa í Styrktarsjóð vangefinna, er vera skal í vörzlum félagsmálaráðuneytisins, en einn fjórði hluti skal renna til Hjartaverndar, samtaka hjarta- og æðaverndarféлага á Íslandi, til rekstrar og endurbóta á hjartarannsóknarstöð samtakanna.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Fé því, sem aflað er samkvæmt lögum þessum í Styrktarsjóð vangefinna, skal varið til að reisa og endurbæta stofnanir fyrir vangefið fólk.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 43 29. maí 1958, um aðstoð við vangefið fólk, og gefa þau út með fyrirsögninni: Lög um aðstoð við vangefið fólk og samtök hjarta- og æðaverndarféлага.

Greinargerð.

Stjórn Styrktarfélags vangefinna hefur farið þess á leit við heilbrigðis- og félagsmálanefnd efri deildar, að hún hlutist til um breytingu á lögum nr. 43 1958, um aðstoð við vangefið fólk, þannig að gjald það, 30 aurar á hverja öl- og gosdrykkjarflösku, sem nú er greitt í Styrktarsjóð vangefinna, verði hækkað í 50 aura.

Þá hefur Hjartavernd, samtök hjarta- og æðaverndarféлага á Íslandi, einnig farið þess á leit við nefndina, að lagt verði 15 aura gjald á hverja öl- og gosdrykkjarflösku til rekstrar og endurbóta á hjartarannsóknarstöð samtakanna.

Bæði þessi samtök hafa sýnt fram á brýna þörf fyrir fé það, sem gjald það, sem hér um ræðir, mundi færa þeim. Nefndinni er vel ljóst, að hér er um að ræða mikil nauðsynjamál, og hefur því talið rétt að koma til móts við félögin með því að flytja frumvarp þetta.

Styrktarsjóður vangefinna er í vörzlu félagsmálaráðuneytisins, sem úthlutar fé úr sjóðnum til bygginga og endurbóta á hælum fyrir vangefna, að fengnum tillögum Styrktarfélagsins. 1958—1965 hefur verið varið úr sjóðnum ca. 42 millj. króna til slíkra bygginga, og á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir, að framlag sjóðsins verði ca. 10 millj. króna. Talið er, að brýnasta lágmarkspörf til handa vangefnum séu vistir fyrir 400 manns, en vistmenn eru nú aðeins 214, og talið er, að hæfilegt rúm verði fyrir 221 vistmann, þegar lokið er þeim framkvæmdum, sem nú er unnið að. Hér við bætist, að gera má ráð fyrir fjölgun um 7—8 einstaklinga á ári, sem þurfa hælisvistar.

Af þessu má ljóst vera, að því fer fjarri, að enn hafi verið séð fyrir þessum málum nægilega, þótt áfram hafi þokazt.

Hjartavernd, samtök hjarta- og æðaverndarféлага, var stofnuð af áhugamönnum 1964 og á því ekki langa sögu. Í samtökum þessum er nú 21 félag víðs vegar

um landið með um 3000 félagsmönnum. Tilgangur samtakanna er: fræðslustarfsemi um hjarta- og æðasjúkdóma, hvernig þá skuli varast og hvernig við þeim skuli bregðast, auknar rannsóknir á þeim hérlendis, sérmenntun lækna í þessum efnum, kaup lækningatækja og sérþjálfun starfslíðs, fjárhagsaðstoð til handa sjúklingum af þessu tagi, sem leita þurfa til útlanda til aðgerða og að vinna að því, að reist verði og rekin endurhæfingarstöð fyrir hjartasjúklinga.

Stærsta verkefni Hjartaverndar hingað til hefur verið að koma á fót hjartarannsóknarstöð í Reykjavík. Hafa samtökin keypt húsnæði í þessu skyni að Lágmúla nr. 9 hér í borginni, og er gert ráð fyrir, að húsnæðið verði fullbúið nú í sumar. Hjarta- og æðaverndarfélögin hafa með miklum dugnaði safnað fé til kaupa á húsnæði þessu, en skortir fé til þess, að stöðin geti tekið til starfa, og til þess að standa undir rekstri hennar.

Að svo komnu hefur ekki fundizt önnur leið en sú, sem frv. gerir ráð fyrir, til þess að hlaupa undir bagga með Hjartavernd, en nefndin væntir þess, að ríkisstjórnin láti fara fram rækilega endurskoðun á lagaákvæðum um fjárhagsaðstoð, sem látin er í té ýmsum félögum og stofnunum í svipuðu formi og gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu.